



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

## Ályktun um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd

*Ályktun lögð fram á 47. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.*

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 14. október 2023 hvetur ríkisvaldið til að koma betra skipulagi á málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum lýsa yfir áhyggjum af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Málaflokkurinn hefur vaxið á síðastliðnum árum án þess að skýr stefna hafi verið mótuð hjá ríkisvaldinu. Það hefur reynt á alla innviði á Suðurnesjum og nú er svo komið að þeir eru að þolmörkum komnir.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum lýsa yfir þungum áhyggjum af einhliða ákvörðunum Vinnumálastofnunar um að taka á leigu húsnæði í sveitarfélögunum til þess að hýsa stóran hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd. Fundurinn bendir á, að þótt svo fyrir liggi að finna þurfi stórum hópi umsækjenda húsnæði á Íslandi á næstu mánuðum, þá verði ríkið að gæta þess að ganga ekki fram með þeim hætti að íþyngja innviðum og þjónustu sveitarfélaga þannig að illa verði við ráðið. Aðalfundurinn lýsir yfir vonbrigðum með að afstaða sveitarfélaganna hafi verið virt að vettugi og kallað er eftir því að samráð við sveitarfélög verði styrkara en verið hefur.

Aðalfundurinn ályktar að brýnt sé að fækka umsækjendum um alþjóðlega vernd með búsetu á Suðurnesjum verulega og að fjöldinn verði í eðlilegu hlutfalli miðað við íbúafjölda og fjölda umsækjenda í öðrum sveitarfélögum og landshlutum. Áskorunin að taka á móti fólki á flóttu getur ekki verið á ábyrgð fárra sveitarfélaga, tryggja verður dreifingu milli sveitarfélaga og sameiginlega ábyrgð á þessu stóra verkefni.